

Hjallur í Vatnsfirði



Hjallur í Vatnsfirði. GLH 2004.

Byggingarár: Um 1880.

Hönnuður: Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1976.ⁱ


Settur á fornleifaskrá 30. ágúst 1976 og aftur 17. nóvember 1976 en lagaheimild skortir sbr. II. og IV. kafla þjóðminjalaga nr. 52/1969.ⁱⁱ

Hjallurinn er einlyft portbyggt hús, 6,85 m að lengd og 6,62 m á breidd, með rismiklu torfpaki. Veggir eru steinhlaðnir, um 1,40 m á þykkt, en grind hússins smíðuð úr bindingsverki. Neðri hluti gafla er klæddur gisnum láréttum rimlum en gaflhlöð klædd þéttfelldu listapili. Útidyr eru á miðri framhlið og op með vængjahlerum er á hvoru gaflhlaði.

Í hjallinum er malargólf, stoðaraðir með skástífum með veggjum, stigi innarlega upp á loftið og fjalagólf á bitum yfir. Á loftinu eru gaflar óklæddir og yfir sléttfelld langsúð á sperrum.



Hjallur í Vatnsfirði. GLH 2004.



Hjallur í Vatnsfirði, loft. GLH 2004.

ⁱ Þór Magnússon. Skýrsla um Þjóðminjasafn Ísland 1976, 169. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1977; Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn húsasafns. Hjallur í Vatnsfirði.

ⁱⁱ Ágúst Ó. Georgsson. *Forleifaskrá* 1990, 37.